

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 684/1999 um sprengiefni.

1. gr.

Við 7. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Sprengiefni, þ.m.t. smæstu einingar þess, skal auðkennt sérstaklega í samræmi við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/43/EB, sbr. tilskipun 2012/4/ESB svo rekja megi feril sprengiefnisins. Þetta gildir ekki um:

- a. sprengiefni sem flutt er og afhent óinnpakkað eða í dælubílum til beinnar losunar í sprengjuholu,
- b. sprengiefni sem framleitt er á sprengistaðnum og sem hlaðið er um leið og það hefur verið framleitt,
- c. skotfæri,
- d. kveikiþræði, sem svipar til þræða, sem eru ekki sprengifimir,
- e. púðurkveikiþræði, sem samanstanda af kjarna úr fínkornóttu svörtu púðri sem er umlukinn sveigjanlegu ofnu efni með eina eða fleiri ytri hlífðarkápur og sem brennur á gefnum hraða án þess að valda ytri áhrifum með sprengingu og
- f. hvellhettur sem samanstanda af hylki úr plasti eða málm, sem inniheldur lítið magn sprengiefnablöndu sem auðvelt er að tendra með höggi, og sem þjónar hlutverki kveiki-búnaðar í skothylkjum fyrir handvopn eða í hvellhettum fyrir drifhleðslur.

2. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði, sem verður 44. gr., og breytist greinatala í samræmi við það:

Með reglugerð þessari eru innleiddar og öðlast gildi hér á landi eftirtaldar gerðir og ákvörðun:

- a. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/43/EB frá 4. apríl 2008 um að koma á, samkvæmt tilskipun ráðsins 93/15/EBE, kerfi til að auðkenna og rekja sprengiefni til almennra nota, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55, 7. október 2011, bls. 5.
- b. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/4/ESB frá 22. febrúar 2012 um breytingu á tilskipun 2008/43/EB um að koma á, samkvæmt tilskipun ráðsins 93/15/EBE, kerfi til að auðkenna og rekja sprengiefni til almennra nota, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 4, 23. janúar 2014, bls. 367.
- c. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/347/ESB frá 19. júní 2010 um breytingu á ákvörðun 2004/388/EB varðandi skjal um flutning á sprengiefnum innan Bandalagsins, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 56, 10. október 2013, bls. 667.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 39. gr. vopnalaga nr. 16/1998, sbr. 3. gr. laga nr. 77/2015, öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 7. október 2015.

F. h. r.

Þórunn J. Hafstein.

Skúli Þór Gunnsteinsson.